

24. október 2015

23. fundur hverfisráðs Grímseyjar 24. október 2015

Íbúafundur í Grímsey

Mætt:

Jóhannes Gísli Henningsson formaður

Karen Nótt Halldórsdóttir ritari

Sigfús Jóhannesson

Íbúar Grímseyjar

- Sagt frá fundi hverfisráðs með verkefnahóp ríkisstjórnar þann 19 október.
- Sagt frá verkefninu Brothættar byggðir, hvað vilja Grímseyingar.
- Rætt um fjölgun á ferðum til eyjarinnar og lækkun á flugkostnaði. Talað um að 20% lækkun á flugi sé ekki nóg. Rætt að ferðaskrifstofur sitji um nettilboðin á sumrin.
- Ákveðið að kvótamál skuli rædd síðar milli útgerðarmanna.
- Ferjan – rætt um að fjölgun ferða upp í 4 allt árið sé of mikið og ekki þörf á yfir vetrartímann. Betra væri að halda 3 ferðum yfir veturinn og fjölga ferðum upp í 5-6, 4-5 mánuði yfir sumartímann. Túrisminn sé mestur á sumrin auk þess sem fleiri ferðir á sumrin myndu laða að stranveiðimenn sem þá landa í Grímsey þar sem fiskurinn er að fara ferskari í sölu.
- Talað um að ef falli niður ferjuferð sé nauðsynlegt að hún komi daginn eftir í staðinn.
- Rætt um möguleikann á að hafa sumaráætlun ferjunnar lengur.
- Hugmyndir um að byrja á að prófa 4-5 ferðir yfir sumarið.
- Rætt um möguleikann á að seinka ferðinni í land svo sjómenn komi fiskinum ferskum í ferjuna.
- Rætt um flug. Samgöngurnar séu í sjálfu sér góðar en allt of dýrt sé að fljúga. Rætt um einhverskonar fast gjald fyrir Grímseyinga.
- Talað um verðlækkun á flugi frekar en fjölgun ferða.
- Rætt um tilboð verkalýðsfélaga.
- Fram kemur að flugið sé hellings ríkisstyrkt fyrir.
- Rætt um orkumál. Olíukostnaður sé skelfilega hár. Hugmyndir verkefnahóps ríkisstjórnar um fjarvarmaveitu þar sem einn olíuketill er fyrir alla eyna.

24. október 2015

- Höldum olústyrknum, lægra verð á katlinum. Visst öryggi þegar t.d. slær út.
- Hversu langt þjónar olúketillinn? Alveg suður að Borgum og út á Bása?
- Meiri umræða um flug og ferðamenn. Oft allt fullt á sumrin.
- Umræða um ferjuna. Fraktin mjög dýr, t.d. flutningur á fiski, heyi og fé. Hvað ræður t.d. rukkun á þyngd vs. rúmmál?
- Rætt um að vanti ungt fólk í eyna. Strandveiðin ekki nóg til að laða ungt fólk að. Hugmyndir um einhvers konar pott fyrir kvóta eftir strandveiði til að laða að unga sjómenn.
- Rætt um húsnæðismál og ónotuð hús í eyinni.
- Rætt um viðhald á eignum. Vantar mann á vegum bæjarins til að sinna viðhaldi á s.s. girðingum, Múla og sundlaug. Einnig minnst á bókasafnið og Fiske-safn sem hirst saman í einu horni skólastofunnar.
- Meira rætt um ferjuna og kosturinn borinn saman við Hríseyjarferjuna.
- Verkefnið Brothættar byggðir kynnt eyjarskeggjum. Rætt um íbúáþing.
- Rætt meira um pott fyrir yngri sjómenn og áframhaldandi veiðiheimild eftir strandveiði. Talað um að slíkt væri þó pólitískt mál og fordæmisgefandi, framtíðarpæling á landsvísu.
- Aðeins rætt um sérstöðu Grímseyjar og netsambandið, sem er svona upp og niður.
- Rætt um áframhald og næstu skref.
- Fundi slitið.